



Líf í lundi - #lifilundi



Leikhópurinn Lotta skemmtir yngstu áhorfendunum á Líf í lundi í Guðmundarlundi í boði Skógræktarfélags Kópavogs. Félagið fagnar fimmtíu ára afmæli á árinu og var ákveðið að blása til afmælishátíðar á Líf í lundi deginum (Mynd: RF).

Útivistar- og fjölskyldudagurinn Líf í lundi var haldinn í annað sinn laugardaginn 22. júní, en haldið var upp á daginn í fyrsta sinn í fyrra. Markmið Líf í lundi er að fá almenning til að heimsækja skóga landsins og njóta úti- og samveru í náttúrunni. Að þessu sinni var boðið upp á sextán viðburði víða um land og var margt í boði á þeim fyrir alla fjölskylduna – ratleikir, fræðslugöngur, snúrabrauð, ketilkaffi, tónlist, axarkast, gróðursetning, tálgunarkennsla, hestaferð, eldbakaðar lummur og margt fleira. Að Líf í lundi standa helstu skógaraðilar hérlandis

– skógræktarfélagin, Skógræktin og Landsamtök skógareigenda, í samvinnu við önnur félög og stofnanir, svo sem Garðyrkjufélag Íslands, Grasagarð Reykjavíkur, Ásatrúarfélagið, Ferðafélag Íslands og skátafélög. Vel viðraði til útiveru á öllum stöðunum og tókst dagurinn vel – góð mæting var almennt á viðburði og almenn ánægja með daginn. Stefnt er að því að Líf í lundi verði árviss viðburður um Jónsmessuhelgina, svo það má byrja að hlakka til næsta árs!

(Framhald á bls.4-5)

Að stinga plöntu í jörð



Þegar ég leit yfir efni þessa tölublaðs Laufblaðsins eftir að búið var að setja það upp var áberandi hvað orðið „gróðursetning“ kom oft fyrir. Kemur það svo sem ekki á óvart, því gróðursetning trjáa er mikið búin að vera í umræðunni upp á síðkastið, í tengslum við umræðu um loftslagsmál. Hafa hafa birst margar greinar undanfarið, í ýmsum miðlum, um mikilvægi skóga og trjágróðurs í því að hamla á móti áhrifum loftslagsbreytinga, auk fréttu um fyrirhugaða stórauðningu í gróðursetningu trjáa og má þar nefna sérstaklega áttak stjórnvalda í Eþíópíu um gróðursetningu fjögurra milljarða trjáplantna í ár, sem nemur um 40 plöntum á íbúa. Sambærileg tala fyrir Ísland, miðað við nýjustu mannfjöldatölur, væru tæplega 14,5 milljónir plantna, en árleg gróðursetning hérlandis undanfarin ár hefur verið rétt rúmar 3 milljónir. Reyndar eru stjórnvöld í Eþíópíu svo metnaðarfull að nú í vikunni settu Eþíópíu-búar heimsmet í gróðursetningu á einum degi, með rúmlega 350 milljón plöntur gróðursettar, sem samsvarar um 1,2 milljónum plantna hérlandis. Svona til umhugsunar má geta þess að verg landsframleiðsla á íbúa í Eþíópíu er rétt rúmt 1% af vergri landsframleiðslu íbúa hér.

Auðvitað er það svo að gróðursetning skóga ein og sér leysir ekki vandann – draga þarf úr losun, endurskoða neyslumynstur, velja aðra orkugjafa en

jarðefnaeldsneyti eins og hægt er, breyta matarvenjum, stöðva skógareyðingu (sem því miður er enn í gangi víða) og svo mætti lengi telja. Það má hins vegar ekki gleyma því að skógar hafa ýmis önnur jákvæð áhrif. Þeir búa til skjól, miðla vatni, binda jarðveg og draga úr rofi, eru búsvæði ótal dýra og plantna, fegra umhverfið, auka loftgæði og margt fleira. Það eru því margar ástæður fyrir því að setja trjáplöntur í jörðina.

Það sýnir kannski best hvað mikilvægi gróðursetningar er komið mikið inn í umræðuna að komin eru í gang „meme“ á netinu sem lúta að þessu, sbr. þetta gullkorn sem rataði inn á Facebook hjá mér um daginn:

"This summer is too hot"
me: Have you ever planted trees?

"No"
me:



Ragnhildur Freysteinsdóttir, ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 28. árgangur, 2. tölublað 2019.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2018:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Jens B. Baldursson
Páll Ingbór Kristinsson
Sigrún Stefánsdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Margrét Grétarsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: EK: Einar Karelsson. EÖJ: Einar Örn Jónsson.. GKH: Gísli Karel Halldórsson. HE: Hrefna Einarsdóttir. JBB: Jens B. Baldursson. JG: Jónatan Garðarsson. KHP: Kristinn H. Þorsteinsson. OR: Oktavía Ragnarsdóttir. PIK: Páll Ingbór Kristinsson. RF: Ragnhildur Freysteinsdóttir. SA: Sigurður Arnarsson. SM: Skógræktarfélag Mosfellsbæjar.

Skógarleikarnir 2019

Skógræktarfélag Reykjavíkur bauð til Skógarleika í Furulundi í Heiðmörk laugardaginn 6. júlí og er það í fimmta sinn sem leikarnir eru haldnir. Kepp var í nokkrum skógargreinum – axarkasti, eldiviðarhöggi, trjáfellingu, afkvistun trjábola, bolarúlli og trjáklifri og var keppnin æsispennandi að vanda. Gestir fengu einnig að spreyta sig á axarkasti, undir leiðsögn frá Berserkjum-axarkasti og einnig var trjáklifrið sýnt sérstaklega. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði á leikunum og eitthvað fyrir alla fjölskylduna. Gústaf Jarl Viðarsson frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur leiddi stutta fræðslugöngu þar sem farið var yfir kolefnisbindingu trjáa. Að venju var boðið upp á leiðsögn tálgumeistara, sem hefur ávallt verið mjög vinsæl, kynning var á náttúrulitun efna úr jurtum, hægt var að fylgjast með eldsmiði að störfum (og jafnvel fá að hjálpa til!) og sýnt hvernig hægt er að skera út skúlpúta í tré með keðjusög. Í skóginum leyndist einnig seiðkona í teepee-tjaldi. Margvísleg hressing var í boði – grillaðar pylsur, ketilkaffi, saft og hægt var að baka hið sívinsæla snúrubrauð yfir eldi. Yngri kynslóðin var svo dugleg að nýta sér leiktæki svæðisins. Vel viðraði til leikanna – brakandi sól og hiti – og var vel mætt á þá.



Keppni í eldiviðarhöggi í fullum gangi. Markmiðið er að kljúfa tvo drumba í eldivið (fjóra hluta) á sem stystum tíma (Mynd: RF).



Orri Freyr Finnbogason og Sebastian Morgenstjerne frá Trjáprýði sýna klifur í trjám (Mynd:RF).



Seiðkonan í teepee-tjaldinu að búa til töfra - gestir gátu fengið álfamerki á hendina á sér (Mynd: RF).



Snúrubrauðið er alltaf vinsælt (Mynd:RF).

Líf í lundi



Skógræktarfélag Reykjavíkur, í samstarfi við Ásatrúarfélagið, bauð til Skógarblóts í Öskjuhlíð við Þórshamarinn. Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði stýrði þar athöfn og í lokin var askur gróðursettur við hamarinn (Mynd: RF).



Skógræktarfélagið Skógfell var með göngu frá Vogum að útivistarperlunni Háabjalla. Þar bauð félagið upp á grillað brauð, gott veður og fallegan skóg, en skógrækt á svæðinu hófst 1948 og er þar nú hinn vöxtulegasti skógur (Mynd: OR).



Skógræktarfélag Hafnarfjarðar bauð til fjölskyldudags í Höfðaskógi á Líf í lundi. Boðið var upp á ratleik, skógargöngu, hesta, grill og fleira. Meðal annars mættu LARP-arar á svæðið og mátti þar sjá æsispennandi bardaga við ófresku! (Mynd: RF).



Grasagarður Reykjavíkur og Garðyrkjufélag Íslands buðu til göngu í Seljahverfi í Reykjavík á Líf í lundi þar sem skoðaðir voru garðar og ræktun í hverfinu undir leiðsögn Braga Bergssonar sagnfræðings og Bjarkar Þorleifsdóttur, verkefnastjóra fræðslu og miðlunar hjá Grasagarðinum (Mynd: RF).



Skógræktarfélag Garðabæjar hélt skógardag í Sandahlíð á Líf í lundi. Þar var ýmislegt við að vera - skógarslagverk, ratleikur, tálgunarkennsla, grill og hinn sívinsæli bakstur snúrubrauðs og sykurpúða yfir eldi. Hér er verið að leiðbeina með ratleikinn (Mynd: EÖJ).



Skógræktarfélag Mosfellsbæjar bauð til fjölskyldudags í Meltúnsreit í Mosfellsbæ - falinni perlu í bænum. Margt var í boði - Dr. Bæk bauð upp á yfirferð á reiðhjólum, hægt var að prófa axarkast og tálgun og að skógarmannasið var boðið upp á ketilkaffi, grillaðar pylsur og eldbakaðar lummur (Mynd: SM).

Líf í lundi



Skógræktarfélag Eyfirðinga bauð til skógargöngu í Vaðlareit í glimrandi góðu veðri. Á þriðja tug gesta mættu í gönguna og fræddust um þær tegundir sem finna má í skóginum. Í lokin var boðið upp á ketilkaffi og poppkorn (sjá mynd til vinstri) sem rann ljúflega niður. Á mynd til hægri má sjá formann félagsins, Ólaf Thoroddsen, gróðursetja ask, undir vökulu auga barnabarnanna (Myndir: SA).



Skógræktarfélag Akraness hélt fjölskyldudag í Slögu í Akrafjalli á Líf í lundi. Boðið var upp á axarkast, tálgun, sykurpúða og snúrubrauð yfir eldi og dýrindis lummur, sem vöktu mikla lukku meðal gesta. Nutu gestir veitinganna og veðurbliðunnar í kvöldsólinni (Mynd: JBB).

Skógræktarfélag Borgarfjarðar, í samstarfi við Skógræktina og Félaga skógarbænda á Vesturlandi, stóð fyrir fjölskylduskemmtun í Reykholti í Borgarfirði, þar sem boðið var upp á skógargöngu, happdrætti, skátaleiki, tálgun, tónlist og söng! (Mynd: GKH).



Skógræktarfélag Grindavíkur bauð upp á samverustund í Selskógi á Líf í lundi. Fjöldi manns lagði leið sína í skógin og naut útiverunnar (Mynd: JG).



Skógræktarfélag A-Húnvetninga bauð til skógardags á Gunnfríðarstöðum. Pylsur grillaðar yfir opnum eldi eru alltaf vinsælar og skógurinn sér um að búa til skjól fyrir varðeldinn (Mynd: PIK).

Fyrr og nú - Steinsstaðir í Skagafirði



Aldamótaskógurinn að Steinsstöðum í Skagafirði. Efri myndin er tekin við gróðursetningu í Elínarlundi í júlí 2007 og sú síðari nú í júlí - 12 árum og um tveimur vikum síðar. Mikil breytingar hefur orðið á gróðurfarinu á þessum tíma - bæði trjánum og botngróðrinum (Myndir: RF).

Sjálfbóðaliðar hjá Skógræktarfélagi Íslands

Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár fengið fengið sjálfbóðaliða yfir sumarið (frá maí út september) sem koma hingað á vegum European Volunteer Service, sem er hluti af Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins. Félagið tók nú í byrjun maí á móti fimmta holti sjálfbóðaliða og koma þeir í ár frá Ítalíu, Póllandi, Spáni og Austurríki. Sinna sjálfbóðaliðarnir ýmsum verkefnum hjá félaginu og nokkrum aðildarfélagum þess, svo sem gróðursetningu, áburðargjöf, stígagerð og almennri umhirðu skóga.



Hluti af sjálfbóðaliðaverkefninu er að hver sjálfbóðaliði fær leiðbeinanda (mentor), sem er hugsaður sem nokkurs konar öryggisnet fyrir sjálfbóðaliðann - aðili sem viðkomandi getur leitað til ef eitthvað bjátar á. Sjálfbóðaliðar og leiðbeinendur hittust einn dag til að kynnst og meðal þess sem var gert var að leysa ýmsar þrautir saman - hér er það plöntugreining sem unnið er að (Mynd: RF).



Dario sjálfbóðaliði (í gula vestinu til hægri) leiðbeinir björgunarsveitafólki við gróðursetningu í Áramótaskógi á Hafnarsandi (Mynd: RF).



Sjálfbóðaliðarnir fimm. Frá vinstri: Dario frá Spáni, Andrea frá Ítalíu, Claudio frá Ítalíu, Patricia frá Austurríki og Sandra frá Póllandi (Mynd: RF).



Unnið að gróðursetningu á Úlfjótssvatni, en þar eru grunnbúðir sjálfbóðaliðanna á meðan þau dvelja hér (Mynd: RF).

Rótarskot

Fyrir síðustu áramót buðu björgunarsveitirnar upp á nýja leið, í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, til að styrkja hið mikilvæga sjálfbærniðastarf sem þær inna af hendi með sölu svokallaðra Rótarskota. Í stað þess að kaupa flugelda var hægt að kaupa Rótarskot, en hvert slíkt skot gaf af sér tré til gróðursetningar. Hugmyndin að þessum valkosti kom frá Rakel Kristinsdóttur og kviknaði hún í kjölfar BS-ritgerðar hennar, þar sem hún skoðaði fjármögnun björgunarsveitanna með tilliti til skotelda. Nánast allir pakkar sem í boði voru seldust upp og í ár verða því sett niður 15.000 Rótarskots birkitré í Áramótaskóg Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Hafnarsandi. Nú í júní komu félagar frá Landsbjörgu og Skógræktarfélagi Íslands saman til að setja niður fyrstu plönturnar.



Þór Þorsteinsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar (t.v.) og Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, hjálpast að við gróðursetninguna (Mynd: RF).



Að ofan og til hægri. Félagar úr björgunarsveitum og frá Skógræktarfélagi Íslands mættu á Hafnarsand til að setja niður fyrstu Rótarskotin. Fjölmennu mætti, á ýmsum aldri, hjálpuðust að við gróðursetninguna og skemmtu sér vel, en boðið var upp á grill og með því fyrir þátttakendur (Myndir: RF).



Yrkjugróðursetning með ráðherra

Á síðasta degi maímánaðar mætti Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, í Þorláksskóga á Hafnarsandi og gróðursetti trjáplöntur með krökkum úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn, sem taka þátt í verkefni Yrkjusjóðs. Tilfni gróðursetningarinnar var að Yrkjusjóður, Skógræktin og Landgræðslan hafa undirritað samstarfsyfirlýsingu um aukna gróðursetningu grunnskólabarna og fræðslu um kolefnisbindingu, gróður og loftslagsmál. Er það samstarf liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum.

Yrkja – sjóður æskunnar til ræktunar landsins (Yrkjusjóður) úthlutar trjáplöntum til grunnskólabarna samkvæmt umsóknum skólanna. Var sjóðurinn stofnaður í tengslum við sextíu ára afmæli frú Vigdísar Finnbogadóttur, en markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun grunnskólabarna á Íslandi og kynna þannig mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu. Fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 1992 og hafa grunnskólabörn gróðursett um 800 þúsund trjáplöntur í gegnum Yrkjuverkefnið síðan, sem lauslega áætlað hafa bundið um 20.000 tonn af CO₂. Sýnir það vel hverju skólaverkefni geta skilað.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, með krökkunum úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn sem mættu til að gróðursetja (Mynd: RF).



Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn, mætti með krökkunum og tók þátt í gróðursetningunni (Mynd: RF):



Hrönn Guðmundsdóttir, formaður verkefnastjórnar Þorláksskóga, leiðbeinir krökkunum um gróðursetninguna áður en hafist er handa (Mynd: RF).



Að ofan. F.v. Ragnhildur Freysteinsdóttir, umsjónaraðili Yrkjuverkefnis hjá Skógræktarfélagi Íslands, Árni Bragason landgræðslustjóri, Andri Magnason, formaður stjórnar Yrkjusjóðs og Edda S. Oddsdóttir, Skógræktinni, með samstarfsyfirlýsingu undirritaða (Mynd: HE).



T.v. Guðmundur Ingi Guðbrandsson og krakkarnir hjálpast að við gróðursetninguna (Mynd: RF).

Skógarráðstefna í Svíþjóð

Í lok júní var haldin ráðstefna um skóga í Jönköping í Svíþjóð, sem samtök kvenna í skógargeiranum á Norðurlöndum (*Kvinner i skogbruket* í Noregi og *Spillkråkan* í Svíþjóð) stóðu fyrir, í samstarfi við *Skógarkonur* félagið hér á Íslandi, en sagt var frá stofnun þess í fyrsta tölublaði Laufblaðsins 2019. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Skogen som intälskälla* (Skógurinn sem tekjulind) og var meðal annars horft til þeirra mála með hliðsjón af jafnrétti innan geirans á ráðstefnunni. Auk fyrirlestra var á ráðstefnunni farið í tvær kynnisferðir, þar sem skógaraðilar voru heimsóttir og skoðaðir skógar.

Um áttatíu konur mættu til ráðstefnunnar, þar af átta frá Íslandi, til að fræðast og kynnst kynsystrum sínum á Norðurlöndunum, auk þess sem tveir íslensku þátttakendanna, þær Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Valgerður Jónsdóttir, báðar hjá Skógræktinni, voru með erindi á ráðstefnunni. Fengist hafa styrkir til að vinna áfram að þessu samstarfi félaganna á Norðurlöndunum og er stefnt að sambærilegri ráðstefnu í Noregi eftir tvö ár.



Valgerður Jónsdóttir frá Skógræktinni flytur erindi um skógrækt á Norðurlöndunum á fyrsta degi ráðstefnunnar (Mynd: RF).



Í annarri kynnisferð ráðstefnunnar var sagt frá verkefninu *Vakrare skog* (Fallegrí skógur), sem skógareigandinn og listakonan Eva Magnusson hefur staðið fyrir. Snýst það í grunninn um að gera skóga fállegri til áhrorfs með tiltölulega einföldum aðgerðum. Meginhugmyndin er að velja sér blett í skóginum og taka 5-10 mínútur í að snyrta staðinn, með klippum og einfaldri sög. Fengu þátttakendur að prófa sig með þetta. Hér er það Agnes Geirdal, skógarbóndi að Galtalæk og formaður Skógar-kvenna, sem mundar klippurnar (Mynd: RF).

T.h. Stæðilegur asparskógur á Tångærda býlinu. Um er aðræða blendingsösp, blending blæaspar (*Populus tremula*) og nóturaspar (*Populus tremuloides*) en blendingsöspin hefur reynst vaxa mun hraðar en hin innfædda blæösp (Mynd: RF).

Margt í gangi hjá Skógræktarfélagi Borgarfjarðar

Skógræktarfélag Borgarfjarðar hefur um margra ára skeið tekið á móti hópum bandarískra ferðamanna til gróðursetningar hjá félaginu. Er þar um að ræða afa og ömmur á ferðalagi með barnabörnin. Einn slíkur hópur kom til gróðursetningar í Reykholti nú í júlí og gróðursettu nógu margar plöntur til að kolefnisjafna ferðir sínar. Sama dag var listamaður á ferðinni í skóginum í Reykholti – hinn danski Johan Grönlund Arndal – sem vann við að sníða fígúrur í trjástofna. Munu þessar fígúrur eflaust verða uppspretta ævintýra í skóginum hjá gestum framtíðar. Þess má til gamans geta að Johan sýndi handtökin við útskurðinn á Skógarleikunum í Heiðmörk, sem sagt er frá annars staðar í blaðinu.



Listaverk í smíðum. Johan Grönlund Arndal mundar sögina í skóginum í Reykholti (Mynd: GKH).

T.h. Gróðursetning í fullum gangi (Mynd: RF).



Séra Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti og félagi í Skógræktarfélagi Borgarfjarðar, aðstoðar við gróðursetninguna (Mynd: RF).



Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2019

Nú líður að aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem haldinn verður í Kópavogi dagana 30. ágúst til 1. september og er gestgjafi fundarins Skógræktarfélag Kópavogs sem fagnar 50 ára afmæli á árinu. Á aðalfundinum er kosið í stjórn Skógræktarfélags Íslands, lagabreytingar afgreiddar þegar það á við og fjallað um margvísleg málefni sem snerta skógræktarfélögin í heild eða skógrækt almennt. Einstök skógræktarfélög skiptast á að vera gestgjafar fundarins og því er fundarstaður breytilegur frá ári til árs. Gefur það skógræktarfélögunum tækifæri til að kynna starfsemi síns félags og fræðast um starfsemi annarra félaga.



Fundargestir aðalfundar 2017 skoða sig um í Fosselsskógi í vettvangsferð á fundinum, en á fundinum gefst gott tækifæri til að kynnast ræktununarstarfi gestgjafa fundarins, sem voru Skógræktarfélag S-Þingeyinga á þessum fundi (Mynd: KHP).



Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Akureyri 2015 var Vaglakógur heimsóttur í vettvangsferð. Hér má sjá myndarlegan hóp fundargesta dást að einu hæsta birkitré landsins. Gestgjafi var Skógræktarfélag Eyfirðinga (Mynd: KHP).

Aðalfundurinn er einnig mikilvægur félagslegur vettvangur, þar sem þátttakendum gefst kostur á að viðhalda og endurnýja kynni við gamla og nýja félaga innan skógræktarhreyfingarinnar. Í raun gegnir aðalfundurinn því tvenns konar

hlutverkum, þ.e. hefðbundinn aðalfundastörf og síðan vettvangsferðir, fræðsla og skemmtun. Aðalfundirnir hafa alla tíð notið vinsælda, enda fróðlegir og skemmtilegir, en fjöldi þátttakenda ár hvert er um og yfir 150 manns.

Öllum félögum í skógræktarfélögum er frjálst að skrá sig til þátttöku á fundinum, en eingöngu þeir sem eru kjörnir fulltrúar skógræktarfélaganna í landinu og hafa skilað inn kjörbréfi hafa atkvæðisrétt.

Það er von Skógræktarfélags Kópavogs að sem flestir áhugasamir skógræktarmenn á landinu sjái sér ávinning í því að skrá sig til leiks á aðalfundinn og taka þátt í fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá í Kópavogi.

Nánari upplýsingar um fundinn má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands: <http://www.skog.is/adalfundur-2019/>.



Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, flytur fræðsluerindi um skógrækt í samhengi loftslagsmála á aðalfundi 2018 á Hellu. Skógræktarfélag Rangæinga var gestgjafi fundarins (Mynd: RF).

Unnið að ýmsu hjá Skógræktarfélagi Akraness

Skógræktarfélag Akraness hefur unnið að ýmsum verkefnum nú í sumar. Í júní kom sjálfbóðaliðahópur Skógræktarfélags Íslands (sem lesa má um annars staðar í blaðinu) til vinnu hjá félaginu og sinntu þau margvíslegum verkefnum á svæði félagsins í Slögu í Akrafjalli – gróðursetningu, stígagerð og lagningu ræsis og viðgerð á girðingu, en grjóthrun úr fjallinu veldur alltaf nokkrum skemmdum á girðingunni.

Áfram var unnið að stígagerð neðst á svæðinu eftir að sjálfbóðaliðarnir voru farnir, en land þar er afar blautt. Fyrirhugað er að gróðursetja tré á svæðinu og velja tegundir sem henta, til dæmis setja ösp þar sem blautast er. Stígarnir eru núna afar blautir, en þegar þeir hafa gróið og þornað verða þeir valtaðir og þannig jafnaðir og ættu að vera prýðilegir fyrir gangandi og hlaupandi fólk, þar sem það er mýkra undir fót á sléttum grasstíg en malbiki!

Í júlí var svo farið í ákveðna tilraunastarfsemi, þar sem settir voru niður nokkurs konar „plöntuskildir“ utan um nokkrar plöntur. Er þeim ætlað að hlífa trjánum fyrir grasvexti í nokkur ár, en gras er eitt helsta vandamálið í trjáræktinni í Slögu. Skildirnir eru finnsk framleiðsla, úr pappa er inniheldur áburð og hleypir regni í gegnum sig og munu hverfa á 3-5 árum.



Plöntuskildirnir komnir utan um nokkur tré sem enn hafa ekki náð að vaxa grasinu yfir höfuð. Fróðlegt verður að sjá hvernig þetta reynist (Myndir: JBB).



Stígagerð í blautlendi í Slögu. Það er ekki verra að hafa smá tjörn í (fram tíðar) skóginum!

T.v. Sjálfbóðaliðarnir að störfum. Dario frá Spáni mundar keðjusögina við stígagerð og Sandra frá Póllandi hjálpar til við að stækka skógin með því að gróðursetja (Myndir: JBB).



Ferðamenn gróðursetja

Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin misseri fengið mun meira af fyrirspurnum um skóga og skógrækt á Íslandi en áður og hefur nokkuð borið á auknum áhuga erlendra ferðamanna á að taka þátt í gróðursetningu. Er það hluti af almennri vitundarvakningu um umhverfisáhrif ferðalaga, en töluvert af þessum aukna áhuga má skrifa á vilja til að kolefnisjafna flug eða siglingu til landsins.

Á hvítasunnudag mætti áhugasamur hópur skipafarþega á svæði Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal í Hvalfirði til að gróðursetja, en alls komu rúmlega 110 manns í þremur hollum. Hið ágætasta veður var til gróðursetninga og voru ferðalangarnir mjög ánægðir með daginn og þakklátir fyrir að geta skilað einhverju uppbyggilegu af sér til landsins.

Þess má til gamans geta að Skógræktarfélag Íslands er nú með tilraunaverkefni í gangi þar sem ferðamenn geta bókað gróðursetningu með félaginu í gegnum Airbnb og er það hluti upplifana (*Experiences*) sem í boði eru þar. Fyrir þá sem mögulega vilja vera með heitir upplifunir „Help reforest Iceland“ - <https://www.airbnb.is/experiences/374363>.



Allt tilbúið fyrir komu ferðamannanna - plöntustafir, plöntur og áburður til reiðu (Mynd: RF).



Brynjólfur Jónsson (í gula vestinu) kennir handtökin við gróðursetninguna, en fyrir flesta ferðamennina var þetta þeirra fyrsta gróðursetning (Mynd: RF).



Þessi ágæta ferðakona var dugleg við gróðursetninguna í Brynjudal (Mynd: RF).

Þýskt sjónvarpsfólk á ferðinni

Nú í júlí kom hópur frá þýsku sjónvarpsstöðinni ARD í heimsókn til Íslands til að vinna að fréttapætti um nokkur hérland málefni. Eitt af því sem sjónvarpsfólkið var að kynna sér var skógrækt hérlandis og heimsóttu þau meðal annars Skógræktarfélag Íslands og fengu að fylgjast með störfum félagsins.

Fyrir þá sem hafa aðgang að ARD sjónvarpsstöðinni þá stendur til að sýna þáttinn um Ísland í Weltspiegel þættinum þann 24. ágúst næst komandi.

Tökuliðið frá ARD að störfum. Á efri myndinn er verið að mynda sjálfbóðaliða Skógræktarfélags Íslands að störfum við gróðursetningu á Úlfjótssvatni. Einnig var farið að gróðrarstöðinni Kvistum (neðri mynd) til að sjá allt ferlið frá gróðrarstöð að plöntu í jörð. Á myndinni er einn sjálfbóðaliðanna, Patricia, í viðtali um störf sín hjá félaginu (Myndir: RF):



Nýjar heimasíður

Heimasíða Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is – er búin að fara í gegnum heilmiklar endurbætur, sem full þörf var á, en síðast var síðan endurnýjuð fyrir áratug, árið 2009. Markmiðið með uppfærslunni nú var að gera síðuna auðveldari aflestrar í snjalltækjum (símum og spjaldtölvum) og alla umgjörð síðunnar skýrari og þægilegri í notkun, bæði fyrir notendur og umsjónaraðila. Efni síðunnar var endurskoðað; sumt tekið út en öðru bætt við og má þar sérstaklega nefna að nú er komin almenn kynning á félaginu á pólsku inn á síðuna. Nýju síðunni var hleypt í loftið nú í apríl.

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur einnig uppfært heimasíðu sína nú í ár – www.skoggb.is – en sú síða var ári yngri en heimasíða Skógræktarfélags Íslands, eða frá 2010. Það gildi svipað um þá síðu að hún var orðin erfið í notkun, enda rafrænir miðlar í stöðugri framþróun. Á heimasíðu Skógræktarfélags Garðabæjar má

finna ýmsar fróðlegar upplýsingar um félagið og sögu þess.

Megin breytingin frá því sem var er að báðar síðurnar eru nú snjalltækjavænar og því auðvelt að skoða þær í síma eða spjaldtölvu (sjá myndir), ólíkt því sem var með eldri útgáfur þeirra, en þær voru báðar nokkuð erfiðar aflestrar; sérstaklega á sínum (Myndir: RF).




Svipmynd



Annars staðar í blaðinu er sagt frá gróðursetningu Skógræktarfélags Íslands og Landsbjargar á fyrstu Rótarskots plöntunum. Nú er búið að setja öll 15.000 Rótarskotin niður og báru þrjú ungmenni hitann og þungann af þeirri gróðursetningu - þau Einar Karelsson, Elísa Eir Hákonardóttir og Arnar Freyr Yngvason. Á myndinni má sjá þau glaðbeitt að gróðursetningu lokinni, með tóma plöntubakka! (Mynd: EK).

Barnahornið - lausn gátu í 1. tbl. Laufblaðsins 2019



Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!

